

# Flutningstrygging C

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 464 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Flutningstrygging C bætir tjón á vörum í flutningi af völdum orsaka sem taldar eru upp í skilmálum.



#### Hvað er tryggt?

Tryggingin bætir tjón á vöru í flutningi ef:

- ✓ Hún skemmist í eldi eða sprengingu.
- ✓ Ef skip eða flutningsfar strandar, sekkur eða því hvolfir.
- ✓ Flutningsfari á landi hvolfir eða það fer út af spori.
- ✓ Losa þarf farm úr neyðarhöfn.



#### Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- × Ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hins tryggða.
- × Venjulegs leka, rýrnunar, eðlilegs slits og tæringar.
- × Tafa, jafnvel þótt þær hafi orðið vegna bóta-skylds tjóns.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir aldrei tjón sem stafar af því að skip eða annað farartæki var óhæft til öruggs flutnings á vöru.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir í flutningi á milli þeirra staða sem eru tilgreindir í váttryggingarskírteini.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



#### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi um leið og flutningurinn sjálfur og gildir þar til varan er komin á þann áfangastað sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini. Tryggingunni lýkur í síðasta lagi 60 dögum eftir að varan er komin á tilgreindan áfangastað.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

---

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.